



Reykjavík, 15. júní 2024
MSS24060082

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Verkátun vegna aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2024 - 2026

Núgildandi aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi sem gildi frá 2022 til 2024 og var samþykkt í borgarstjórn 1. febrúar 2022 er að renna sitt skeið.

Hjálögð er verkátun vegna vinnu að nýrri áætlun sem unnin verður af mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði í samráði við þau svið borgarinnar sem við á.

Aðgerðaráætlun í ofbeldisvarnarmálum er sett fram til að hafa yfirlit yfir þau fjölmörgu og margvíslegu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd að því gefnu að þeim sé ætlað fjármagn þegar það á við.

Aðgerðaráætlunin getur aldrei orðið tæmandi enda ýmis verkefni sem sett eru á lagginnar með litlum fyrirvara til að bregðast við ákveðnum aðstæðum.

Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið, svo vitað sé, sem er með gildandi aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.

Óskað er eftir að verkátun og erindisbréf starfshóps vegna aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi sé lögð fram á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs til kynningar.

Virðingarfyllt,
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla*

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps
Verkátun